

Á eftir sumri kemur haust

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



Við höfum upplifað veðursælt sumar á Suðurlandi, svo af ber, þetta árið. Þurrkurinn var reyndar orðinn full mikill um

tíma. Ég vonast eftir góðu hausti og góðum vetri framundan. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með hver-su vel tókst til með hátíðina okkar „Upp í sveit“ í sumar og hrósa hér með þeim sem að henni stóðu.

Framkvæmdir

Stóra gatna- og lagnaverkefninu okkar er nú nánast lokið og verður ekki annað sagt en vel hafi til tekist. Mér finnst hafa orðið mikil bragar-bót á ásjúnd beggja þéttbýliskjarn-anna okkar. Stærsta vangaveltan í framkvæmdamálum þessa dagana er Skeiðalaug. Það hefur ekki verið ákveðið hvað gert verður við hana. Útlit er fyrir að kostnaður við að lag-færa hana verði gríðarlegur, ef til vill það hár að ekki verði réttlæt看legt annað en rífa hana. En við ætlum að setjast betur yfir þau mál á næstunni

Aðalskipulag

Aðalskipulagið hefur verið í vinnslu hjá okkur um langt skeið, það var auglýst í sumar. Við erum með athugasemdir sem bárust við það, í skoðun um þessar mundir og verður þeim svarað skilmerkilega. Það er líklegt að aðalskipulagið taki gildi í október eða nóvember næstkomandi. Það eru margar hliðar á aðalskipulagi hvers sveitarfélags og er það nokkurskonar stjórnæki. Með því eru settar fram ákvarðanir og stefna um byggð og notkun lands til frambúðar. Fyrir okkur sem höfum komið að þessari vinnu er ferlið mjög lærdómsríkt. Vissulega er kostnaður við þetta verkefni umtalsverður. En við höfum ekkert val um annað en vinna úr því. Deiliskipulagsmál af ýmsu tagi hafa einnig verið fyrirferðarmikil á undanförnum misserum. Þegar eitthvað er framkvæmt, þá er fátt gert nema deiliskipuleggja.

Samgöngumál

Það hefur verið tekið til hendingu í lagfæringum á tengivegum í Gnúpverjahluta sveitarfélagsins. Það er von mín að með því hafi orðið umtalsverðar framfarir í samgöngumálum í sveitarfélaginu. Eitthvað hefur borið á gangrýni á hvernig hafi verið að þessu staðið. Íbúafundurinn sem við höldum þann 25 júní sl. var vel sóttur eins og margir upplifðu og umræðurnar voru kraftmiklar. Eins og við var að búast voru ekki allri sáttir með framgang vegamála hér í hreppnum. Ég virti það mjög að þingmenn ásamt lögreglustjóra og svæðisstjóra Vegagerðarinnar skyldu leggja fram innlegg í fundinn. Það er hlutverk sveitarstjóra og sveitarstjórnar á hverjum tíma að þrýsta á og fylgja eftir umbótum í vegamálum. Sá sem þetta ritar hefur átt marga fundi á síðastliðnum árum með fulltrúum Vegagerðarinnar og telur maður það ekki eftir. Það er mín von að við munum sjá kílómetrum með bundnu slitlagi fjölga hér innansveitar á næstu árum. Samgöngumál er aðeins eitt af mörgum framfaramálum hvers sveitarfélags.

Skólamál

Skólaárið er byrjað og virðist mér það fara vel af stað. Vel gekk að manna stöður, en nokkrar breytingar urðu á starfsliði skólans. Nemendafjöldi skólans hélst óbreyttur. Börnum í leikskólanum hefur fjölgað að undanförunum og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun. Það er sem fyrr góður mannaður og menntunarstig hátt. Ég heyri talað um það útá við að starfið í báðum skólunum sé gott.

Þjórðardalurinn

Eins og mörgum er kunnugt, þá stendur mikið til í Þjórðardalnum. Það er tvennt sem ber hæst í dalnum um þetta leyti. Beðið er eftir því að forsætisráðuneytið kvitti upp á samning um uppbyggingu við Reykholt. Þar sem svæðið er þjóðlenda verður ráðuneytið að leggja blessun sína yfir málin. Þegar það liggur fyrir fyrir mun Raudíkambur ehf, gefa í við undirbúning framkvæmda. Hitt stóra viðfangsefnið í dalnum er

fríðlýsing á talsvert stóru svæði. Við gerum ráð fyrir að því ferli ljúki síðar í haust. Það má einnig geta þess að á næsta ári verður byggð göngu- og reiðbrú yfir Þjórðarsá fyrir ofan Þjófa-foss. Þar koma til mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna Búrfells 2.

Sameiningarmál

Það er nýafstaðinn auka landsfundur Sambands Íslenskra Sveitarfélaga. Fundurinn samþykkti tillögu þess efnis að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði 250, árið 2022 eða við byrjun næsta kjörtímabils og 1000 fjórum árum síðar eða 2026. Tillagan verður svo lögð fyrir alþingi síðar í haust. Ólíklegt er að íbúar þessa sveitarfélags nái heilu þúsundi á næstu sjö árum. En þetta er ágætur aðlögunartími til breytinga. Áhugavert verður að fylgjast með hvernig þessi mál þróast á næstu árum. Hér í Árnessýslu verð ég ekki var við neinar umræður um sameiningarmál, en á því getur vissulega orðið fyrirvaralít breyting. Sveitarfélögin hér um slóðir spjara sig ágætlega og því ekki fjárhagslegur þrýstingur til sameininga að svo stöddu. Dæmi eru um sameiningarviðræður um þessar mundir á Austurlandi og í Suður-Þingeyjarsýslu.


Framundan

Framundan eru göngur, réttir og sláturtíð í okkar bændasamfélagi. Fyrir framkvæmdafólk er mikilvægt að fá góða tíð sem lengst fram á haust og vetur. Stærsta einstaka haustviðfangsefnið hjá okkur sem erum að stússa í rekstri sveitarfélaga er fjárhagsáætlunargerð, samhliða því að rýna í reksturinn. Það er eilífðarverkefni að reyna að koma auga á hvað megi betur fara. Sorpmálin eru stór áskorun. Þar erum við að horfast í augu við mjög aukinn kostnað vegna flutnings um lengri veg. Sorpa er hætt að taka við úrgangi til urðunar. Sem stendur fer sorp til urðunar vestur á Mýrum.

Ég hef góða tilfinningu fyrir haustinu framundan og vona að við njótum þess saman í samlyndi og sátt.

Góðar stundir.
Kristófer sveitarstjóri.

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON

859-9559

Viðbragðsáætlun
Almannavarna
-samfélagsleg áföll-



Skýrslan fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var gefin út á síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu sveitarfélagsins og má hana einnig finna á www.skeidgnup.is

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgefán/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 360 eintök.



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9

í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta

Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

NESLAUG

Sími: 486-6117



Vetraropnun sept-maí

Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18
Sunnudaga: 13-18*

*í september og maí



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Vetraropnun sept-maí

Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 17-22

Umsjónarmaður: Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com



Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799



Á bak við eldaveðina

Takk fyrir óli minn, ég hrökk rækilega í kút þegar ég fletti blaðinu.

Ég átti ekki von á þessu en hér kemur einn réttur sem mér finst mjög góður og vekur alltaf lukku.

Þorskur í krydduðum osta og rasphjúp

Ca.600gr. þorskur

1dl rasp

100gr rifinn ostur

1 hvítlausrif

2msk fínsöxuð steinselja

Salt og pipar

Nóg af smjöri

Aðferð

Hita ofninn í 150 gráður

Leggja fiskinn í smurt eldfast fat

Salt og pipar

Blanda rifnum osti, raspi, steinselju og pressuðum hvítlauk og setja yfir fiskinn

Setja vel af smjöri yfir

Baka í ca 10 mín

Hækka hitann í 200 gráður og baka áfram ca 10 til 15 mín

Mig langar að fá Davíð Ingvason til að koma með næstu uppskrift enda mikill sælkeri og ég vænti þess að hann bjóði mér í mat þegar hann fer að kokka uppskrifina.

Kveðja, *Daníel Larsen*



Árlegt Snitzelkvöld Dynks verður þann 5. okt í Árnesi

Dagskrá verður með svipuðu sniði og áður með góðum mat, skemmtiatriðum og happdrætti.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12

Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón:

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli

Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Hæg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736



Fréttir frá Þjórsárskóla

Skólabyrjun

Þjórsárskóli var settur miðvikudaginn 21. ágúst. Eftir skólasetningu var kynning á námsefni og áherslum vetrarins í bekkjarstofum barnanna. Þetta skólaárið eru 46 nemendur í skólanum.

Í annarri vikunni af skólanum var farið í hina árlegu útilegu. Veðrið var okkur hins vegar ekki hliðholtt og það rigndi mikið. Því var ákveðið að fara í skólann og gista þar eftir að verkefnum dagsins í skóginum var lokið. Daginn eftir unnið í stöðvum á skólalóðinni.

Útilegan er liður í því að vinna með jákvæðan skólabrag og bera virðingu hvert fyrir öðru og umhverfinu.



Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skaftholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbröt. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is



Leikskólinn Leikholti

Frá okkur í Leikholti er allt gott að fréttu. Við erum búin að vera að aðlagu ný börn í leikskólann í ágúst og í september byrjaði skipulagða starfið á fullu. 6 barna hópar eru í húsinu, á tveimur deildum, 5 árgöngum, 30 börn talsins. Áætlað er að í lok maí 2020 verði börnin orðin um 39 talsins. Við erum vel mönnum en vantar fleira starfsfólk í desember svo endilega látið það spyrjast út.



Allir hópar fá málörvun sem okkur þykir mjög mikilvæg og kynnast þá honum Lubba sem kennir okkur um málbein, hljóð allra bókstafa. Allir fá að skoða og læra á stærðfræði með Numicon kubbum, knúsa og syngja með honum Blæ bangsa sem kennir okkur um vináttu og samskipti. Öll börn njóta þess að geta hreyft sig í stóra fina salnum okkar, lært alls konar leiki, þrautir og æfingar. Í Leikholti er líka unnið mikið með sköpun bæði í tónlist, myndlist og lesnar bækur og sögur.

Elstu árgangarnir okkar tveir fá ART kennslu þar sem þeir æfa sig í félagsfærni, reiðistjórnun og siðfræði. Elsti árgangurinn okkar sem eru fimm börn fædd árið 2014 fá að æfa sig í vatnsaðlögun í vetur í Skeiðlaug með Siggú og Hauk. Þau ætla

að æfa sig að vera óhrædd í vatninu og bjarga sér í fataklefanum. Þau munu fara einu sinni í viku í ca. 4-5 mánuði haust og vor.



Þann 27. ágúst var okkar fyrsti öðruvísi dagur, en við erum með nokkrar öðruvísi daga á hverju skólaári þar sem eldri börnin fá að kjósa um hvernig dagur á að vera. Að þessu sinni kusu þau að hafa Pizzadag. Því voru þau að skiptast á að búa til pizzadeig og setja álegg á pizzu sem þau bökðu svo í eldhúsinu og borðuðu með bestu lyst í síðdegishressingunni þann daginn.



Við í Leikholti erum búin njóta þess alteilis að vera úti í góða veðrinu núna í ágúst og september. Myndirnar sem fylgja eru af Heklubörnum í könnunarleik, Vörðufellsbörnum á leið í göngutúr og af Pizzagerðarmönnum á Pizzadeginum.

Við sendum ykkur öllum sólarkeðjur.

Allir í Leikholti.

Til leigu lítið sumarhús, Sæluvellir fyrir ofan Flatir



Gistipláss fyrir 2-4.
Nauðsynlegur húsbúnaður til staðar.
Tilvalið fyrir réttardaginn!

Áhugasamir geta fengið nánari upplýsingar hjá Hákon Páli.
Sími: 894 4142
Netfang: hakon.pall@simnet.is



Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802

Molar úr fundargerðum 24 (3. júlí), 25 (7. ágúst), 26 (21. ágúst) og



Fundargerð 24

1. Fjárhagsmál - sjóðsstreymi viðauki við fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri lagði fram áætlun um sjóðsstreymi júlí – september 2019. Auk þess lagði hann fram rekstrartölur málaflökka janúar til og með maí 2019. Útsvarstekjur eru undir væntingum. En útgjöld eru innan áætlunar. Lagt fram og kynnt. Viðauka frestað til næsta fundar.

2. Drög að samkomulagi um lóðarleigu við Reykholt Þjórsárdal. Oddviti lagði fram drög að samkomulagi um lóðaleigu til Rauðakambs ehf vegna lands við Reykholt í Þjórsárdal. samkomulag lagt fram og kynnt. Talsverðar umræður urðu um innihald og efnisatriði samkomulagsins. Unnið verður áfram að gerð samkomulagsins.

3. Kaupsamningur Bugðugerði 9B, Þrándarholt sf. Sveitarstjóri lagði fram drög að kaupsamningi milli sveitarfélagsins og Þrándarholts sf um kaup á íbúð að Bugðugerði 9B. Drög að kaupsamningi samþykkt.

4. Akstursbann á hálendinu 2019. Lagður fram tölvupóstur frá Magnúsi Inga Jónssyni hjá Vegagerðinni. Einnig lagt fram kort frá Vegagerðinni sem sýnir akstursbann á hálendi innan sveitarfélagsins. Leitað er álits sveitarstjórnar um framlagt kort. Sveitarstjórn telur mögulega tilefni til að endurskoða akstursbann um hálendi sveitarfélagsins og kallar eftir verkferlum Vegagerðarinnar varðandi akstursbann á hálendinu.

5. Landshlutaáætlun í Skógrækt. Lagt fram bréf frá Skógræktinni undirritað af Hreini Óskarssyni og Hrefnu Jóhannesdóttur. Varðar bindingu kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi til framtíðar, landsáætlun og landshlutaáætlanir í skógrækt. Óskað er eftir fundi með sveitarstjórn um málefni. Sveitarstjórn fagnar framtaki Skógræktarinnar. Máli vísað til umsagnar umhverfisnefndar.

6. Drög að leiðbeiningum um skólaakstur til umsagnar. Lögð fram drög frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti að leiðbeiningum

um atriði sem snúa að þeim stunda skólaakstur til umsagnar. Undirritað af Sigríði Láru Ásbergsdóttur og Jóhanni Þorvarðarsyni. Í drögum er lögð áhersla á að skólaakstur þurfi að taka mið af öryggi og velferð nemenda. Gera þurfi kröfu um að hæfi þeirra sem aka nemendum sé yfir allan vafa hafinn. Sveitarstjórn fagnar framlögðum drögum. Drögum vísað til skólanefndar.

7. Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Lögð fram drög að bókun varðandi yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, undirritað af Karli Björnssyni. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir málið og vísar því til umsagnar hjá Umhverfisnefnd sveitarfélagsins.

8. Vegamál -Vegur að Stóra Núpi. Lagt fram bréf frá Valdimar Jóhannssyni fyrir hönd íbúa á Stóra- Núpi. Þar er þess óskað að sveitarstjórn hlutist til um að vegurinn að Stóra-Núpi verði hið fyrsta lagfærður og lagt á hann bundið slitlag. Bent er á að ástand vegarins að undanförunni hafi verið slíkt að ekki verði lengur við það unað. Bent er á að þar sé rek-in opinber starfsemi sem fylgi mikil umferð. Sveitarstjórn tekur undir erindið og leggur áherslu á að sem fyrst verði hlutast til um að lagfæra veginn heim að kirkjustaðnum Stóra- Núpi. Anna Sigríður Valdimarsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

9. Rætt um umgengi á tilteknum stöðum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn fagnar verkefninu „Hreint Suðurland“.



Fundargerð 25

1. Brú yfir Þjórsá ofan við Þjófa-foss. Albert Guðmundsson og Axel Birgisson starfsmenn Landsvirkjunar mættu á fundinn undir þessum lið. Þeir greindu í máli og myndum frá undirbúningi framkvæmda við byggingu brúar á Þjórsá við Þjófa-foss. Brúin verður fyrir gangandi

umferð og hestaumferð, ekki umferð vélknúinna ökutækja. Um nokkra valkosti við staðsetningu brúarinnar eru að ræða. Albert útskýrði þessa mismunandi valkosti. Verkfræðingar hafa komið að hönnun og mun arkitekt einnig verða kallaður til á síðari stigum. Lögð verður áhersla á lágstemmað yfirbragð brúarinnar, sem falli vel að náttúrunni og að umhverfisrask verði í lágmarki. Framkvæmdir munu fara fram árið 2020. Axel ræddi um ferli í skipulagsmálum vegna verkefnisins.



2. Breytingar á íbúð í Björnskoti vinnuskjal. Lögð fram drög að teikningu að breytingum á íbúð fyrir fatlaðan einstakling í Björnskoti. Unnið er að kostnaðargreiningu verkefnisins.

3. Umsókn um lóð Hamragerði 1. Lögð fram umsókn Ingva Þórs Sigfússonar kt 230757-4539 um lóðina Hamragerði 1 í Árneshverfi. Úthlutun lóðarinnar samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að semja lóðarleigusamning.

4. Sumarlestur Þjórsárskóli. Lögð fram beiðni um styrk 100.000 kr. vegna verkefnisins Sumarlestur. Undirritað af Kristínu Gísladóttur. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina. Sveitarstjórn mælir með að framlög sem þessi verði framvegis innan fjárheimilda Þjórsárskóla

5. Ályktun um heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Lögð fram ályktun um heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Þau sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ályktunina.

6. Umgengni á Gaukshöfðanum. Lagður fram tölvupóstur frá Sigrúnu Guðlaugsdóttur fyrir hönd eigenda Gaukshöfða. Þar lýsir hún óánægju með umgengni og ástand lands við Gaukshöfða. Sveitarstjórn sýnir erindi Sigrúnar skilning og óskar eftir að hún mæti til næsta sveitarstjórnarfundar af þessu tilefni.

7. Tvísteinabraut 4 Lóðarleigu-

samningur. Lagður fram undirritaður lóðarleigusamningur milli sveitarfélagsins og Bilunar ehf um lóðina Tvísteinabraut 4. Lóðarleigusamningur staðfestur.

8. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 180. Frá 10.07.2019

Þrándarholt 5 L200573; Borhola; Framkvæmdaleyfi - 1907034. Lögð er fram umsókn Arnórs Hans Þráinssonar, dags. 3. júlí 2019, um framkvæmdaleyfi vegna borun eftir köldu í landi Þrándarholts, L200573. Áætluð bordýpt er 35m. Einnig verði lögð vatnslögn að inntaki í fjósi um 560m.



Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki að veitt verði framkvæmdaleyfi til borunar eftir köldu vatni sbr. umsókn. Skipulagsnefnd metur að framkvæmdin sé þess eðlis að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu þar sem framkvæmdin getur talist að varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Þá verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið. Sveitarstjórn samþykkir ofangreint framkvæmdaleyfi samhljóða.

Hólabraut 5; Móholt; Breytt heiti lóðar - 1906070. Lögð fram umsókn Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur, dags. 26. júní 2019 um breytingu á heiti búgarðalóðarinnar Hólabraut 5 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Móholt. Lóðin er við götu sem nefnist Hólabraut og er skilgreind sem smábýlaloð innan samþykkt skipulagssvæðis fyrir Réttarholt og Árnes en nokkrar smábýlaloðir við sömu götu hafa þegar fengið samþykkt sér heiti. Fyrir liggur rökstuðningur landeiganda fyrir nýju heiti lóðarinnar. Móholt er þegar til í Flóahreppi sem er með sama póstnúmer og Skeiða- og Gnúpverjahreppur en þar sem fyrirhuguð er pósthúsbreyting þessara sveitarfélaga á næstu vikum þá gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að lóðin fái heitið Móholt, og mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

27 (4. september)

samþykki nafnabreytinguna. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda nafnbreytingu samhljóða.

9. Stefna í úrgangsmálum. Lögð fram stefna Umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn leggur áherslu á að farið verði í gagnert átak í sorpflokkunarmálum. Heimsókn á hvert heimili í sveitarfélaginu af því tilefni er í undirbúningi.



Fundargerð 26

1. Gaukshöfði. Sigrún Guðlaugsdóttir fulltrúi eigenda Gaukshöfða greindi frá umgengismálum við Gaukshöfða og áhyggjum sínum af slæmu ástandi þessa svæðis vegna mikils ágangs ferðamanna á liðnum árum. Sigrún leggur til að lokað verði fyrirð gengi vélknúinna ökutækja að Gaukshöfða sem fyrst. Sveitarstjórn tekur undir erindið og samþykkir að undirbúa umrætt bann og felur sveitarstjóra að kynna svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi áform um bann við akstri vélknúinnar ökutækja að Gaukshöfða.

2. Fjárhagsmál. Sveitarstjóri lagði fram yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu sex mánuði ársins 2019. Einnig lagði hann fram hugmyndir um viðauka við fjárhagsáætlun og lántöku vegna fjárfestinga. Afgreiðslu frestað til næsta fundar, þar sem gögn vantar vegna tiltekinna mála.

3. Breyting á íbúð í Björnskoti vinnugögn, kostnaðaráætlun. Afgreiðslu frestað til næsta fundar þar sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar vegna málsins.


4. Skipun fulltrúa í atvinnu- og samgöngunefnd. Afgreiðslu frestað.

5. Skipun fulltrúa í Skólanefnd 2018-2022. Anna Þórný Sigfúsdóttir hefur flutt úr sveitarfélaginu og vikur því úr skólanefnd. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Anna Kristjana Ásmundsdóttir verði aðalmaður í nefndinni í hennar stað. Einnig samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Vilborg María Ástráðsdóttir verði varamaður í nefndinni.

6. Hugmyndir um notkun félagsheimilisins Árness. Rætt var um hugmyndir um hlutverk félagsheimilisins Árness. Samþykkt að skipa fimm manna vinnuhóp sem fjalli um hlutverk félagsheimilisins. Tilnefningu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

7. 181 fundargerð Skipulagsnefndar frá 15.08.2019. Mál nr. 20, 21 og 22 þarfnast afgreiðslu.

Sandlækur 1 land 2 L201307; Úr frístundabyggð í íbúðarbyggð; Deiliskipulagsbreyting - 1907051. Lögð er fram umsókn Vigfúsar Þórs Hróbjartssonar hjá EFLU verkfræðistofu um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Sandlækjar 1, lands 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, L201307, fyrir hönd Fjölskyldubúsins ehf. Í breytingartillögunni felst að svæðinu í heild verði breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð fyrir 6 lóðir. Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki tillöguna, í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagalaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. sömu laga. Tillagan er í samræmi við nýja tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, þar sem svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð. Við gildistöku deiliskipulags íbúðarbyggðar fellur úr gildi deiliskipulag frístundarbyggðar fyrir sama svæði sem öðlaðist gildi 14.3.2018. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda deiliskipulagstillögu í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41. gr sömu laga.



Stóra Hof L208877 og L203207; Markagilsflöt og Brúnir; Deiliskipulag - 1903002. Lögð er fram umsókn Ólafs Hlyns Guðmarssonar, dags. 28. febrúar 2019, um nýtt deiliskipulag fyrir lóðir úr landi Stóra-Hofs, L208877 og L203207. Deiliskipulagstillagan er unnin með hliðsjón af endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem er í vinnslu. Deiliskipulagstillagan

gerir ráð fyrir að á skipulagssvæðinu, sem er um 12,4 ha, verði stofnaðar 6 lóðir fyrir verslun og þjónustu og 1 lóð fyrir íbúðarhús og geymslu. Þá er einnig sótt um ný heiti í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017. Við samþykkt á þessa nýja endurskoðaða deiliskipulagi mun eldra gildandi deiliskipulag svæðisins sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 28.4.2015 falla úr gildi. Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki tillöguna og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal eftir umsögn Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands. Þá er skipulagfulltrúa falið að kynna tillöguna sérstaklega eigendum aðliggjandi lóða. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda deiliskipulagstillögu í samræmi við 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41. gr sömu laga. Leitað verði eftir umsögn Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.



Hagi (L166550); Umsókn um byggingarleyfi; Fjós - 1905059. Fyrir liggur umsókn Hagagnúps ehf. dags. 20. maí 2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja fjós 954,2 m² á jörðinni Haga (166550) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Málinu var vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti 19.6.2019, fyrirhuguð áform um byggingu fjóss 954,2 m² með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Tillagan var grenndarkynnt með útsendum gögnum 4.júlí og var athugasemdafestur gefinn til 4.ágúst 2019. Athugasemdir bárust. Helstu athugasemdir snúa að skerðingu útsýnis vegna staðsetningar bygginga, mikilli umferð og lyktarmengun, skortur á ítarlegri gögnum á afstöðumynd, hugsanlega auknum vindstrengjum, snjóöfnun og álits Skipulagsstofnunar með tilliti

til mats á umhverfisáhrifum. Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu máls og óskar eftir viðbrögðum umsækjanda við innsendum athugasemdum. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til viðbrögð umsækjanda málsins liggja fyrir.

8. Sandlækur skipulagsbreyting. Dagskrárliður fellur niður. Málið fellur undir mál nr 7.

9. Skipulagsstofnun Umsögn um aðalskipulag 2017-2029. Umsögn lögð fram og kynnt.

10. Skeiðalaug Fundargerð frá fundi með Ara Verkís og Jes Einarssyni. Fundargerð lögð fram og kynnt. Fram kemur í fundargerð að ástand Skeiðalaugar er mjög slæmt.

Mál til kynningar

11. Fundargerð samstarfsnefndar SKOGN og LV 15.08.19

12. Fundur Heilbrigðisstefna 15.08.19

13. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands

14. Göngum í skólann

15. Fundur um svæðisskipulag 15.08.19

16. Rætt um fastan fundartíma. Samþykkt að sveitarstjórnarfundir hefjist framvegis kl 8:30 árdegis.



Fundargerð 27

1. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Sveitarstjóri lagði fram beiðni um heimild til töku láns hjá Lánasjóði sveitarfélaga. 40 mkr. til 5 ára. Lánið er tekið til að fjármagna kostnað við gatnagerð, lagna- og veituframkvæmdir sem að mestu er lokið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum 4. september 2019, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 40.000.000.-, til 5 ára. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitar-

félagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á gatnagerð, lagna- og fráveituframkvæmdum í sveitarfélaginu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Kristófer A. Tómassyni, sveitarstjóra, kt. 060865-5909 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.



2. Gatnagerðargjöld – Álagning. Sveitarstjóri kynnti álit varðandi álagningu gatnagerðargjalda í Árnes- og Brautarholtshverfum. Ákvörðun

frestað og sveitarstjóra falið að vinna málið frekar.

3. Eignamörk þéttbýlissvæðis í Brautarholti. Oddviti lagði fram skjöl er sýna yfirlýsingar um afmörkun lands er tilheyrir þéttbýli í Brautarholti. Fram til þessa hafa þinglýst skjöl ekki verið til staðar. Oddviti falið að vinna að frágangi skjalanna og undirrita þau fyrir hönd sveitarstjórnar

4. Skipun fulltrúa í nefnd er fjalli um framtíðarhlutverk Árness. Samþykkt samhljóða að skipa Önnu Kristjönu Ásmundsdóttur, Önnu Björk Hjaltdóttur, Hrönn Jónsdóttur, Eyþór Brynjólfsson og Hannes Einarsson í nefndina. Sveitarstjóra falið að kalla saman fyrsta fund nefndarinnar. Nefndin skiptir með sér verkum.

5. Fulltrúar á aðalfund SASS október 2019. Lagt var fram bréf frá Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga um ársþing samtakanna sem haldið verður að Geysi 24.-25. okt. nk, undirritað af Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Auk þess verður þá haldinn aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands. Skeiða- og Gnúpverjahreppur á rétt á þremur fulltrúum á aðalfund SASS og rétt á einum fulltrúa á aðalfund Sorpstöðvarinnar. Samþykkt að Björgvin Skafti Bjarnason, Matthías Bjarnason, Anna Sigríður Valdimarsdóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundi SASS og á aðalfundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Til vara Einar Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson og Anna Kristjana Ásmundsdóttir. Samþykkt

að Björgvin Skafti Bjarnason verði fulltrúi á aðalfundi Sorpstöðvarinnar og Matthías Bjarnason til vara.



6. Tillaga til þingsályktunar, lögbvinguð sameining sv.fél. Lagt fram erindi frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps undirritað af Presti Friðfinnssyni sveitarstjóra þar. Erindið var sent á öll þau 39 sveitarfélög með íbúafjölda undir 1.000 manns. Í erindinu er lýsir sveitarstjórn Grýtubakkahrepps andstöðu við tillögu sem fram er komin um lágmarksstærð sveitarfélaga. Tillagan verður til umfjöllunar á aukþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. september nk. Í erindinu er hvatt til þess að sveitarfélögin leggist gegn þessum áformum. Talsverðar umræður urðu um málið. Sveitarstjórn lagði fram svohljóðandi bókun: „Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deilir áhyggjum og ámælum Grýtubakkahrepps um framkomna tillögu um lögbvingaða sameiningu sveitarfélaga auk 1000 íbúa lágmarks.

Hver sem afstaða sveitarstjórnarfólks Skeiða- og Gnúpverjahrepps er

til sameiningar almennt, þá telur sveitarstjórnin auk þess að það rask á stjórnskipulagi sem ná til fimm prósentis íbúa landsins til þess eins að fækka sveitarfélögum en ekki að styrkja þau sé ekki ferðarinnar virði. Sveitarstjórn tekur samhljóða undir bókunina.

10. 182. fundur Skipulagsnefndar 28.08.2019 Mál nr 12 þarfnast afgreiðslu.

Ásbrekka (L166535); umsókn um byggingarleyfi, gestahús-1908026. Umsókn Finns B. Harðarsonar um byggingarleyfi fyrir 35m2 gestahús á jörðinni Ásbrekku. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að bygginga- fulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir ofangreint gestahús, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2020, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

11. 6. Fundur Skólanefndar 3. Sept. 2019 Þjórsárskóli. Lögð fram og staðfest.

12. 6. Fundur skólanefndar 3. Sept 2019 Leikskóli. Lögð fram. Í fundargerð er lögð fram tillaga um að núgildandi gjaldskrá umframvistunar í leikskóla verði lækkuð um 50% frá og með 1. október 2019. Tillagan samþykkt samhljóða. Liður nr 7 í fundargerð, önnur mál. Tekinn til nánari skoðunar. Fundargerð að öðru leyti staðfest.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

Tvennir tímar hefja vetrarstarfið

Söngsveitin Tvennir tímar, kór eldra fólks í Uppsveitum Árnessýslu mun hefja vetrarstarfið fimmtudaginn 19. september.

Æft verður einu sinni í viku í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum frá kl. 13-14.20

Söngstjóri er Stefán Þorleifsson.

Markmið kórsins er að efla sönglíf meðal eldra fólks og eiga góðar samverustundir.

Allir sem hafa yndi af að syngja eru hvattir til að koma og starfa með kórnum og tókum við nýjum félögum fagnandi.

Nánari upplýsingar veitir Magnús H Sigurðsson í síma 862-3674.



Oktober

Skil á efni 3. október

Nóvember

Skil á efni 31. október

Desember

Skil á efni 5. desember

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 3. okt.

Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is



UPP Í SVEIT

Pakkir frá menningar- og æskulýðsnefnd

Menningar- og æskulýðsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendir kærar kveðjur til allra sveitunga og gesta þeirra með innilegri þökk fyrir frábæra þátttöku í sveitahátíðinni "Upp í sveit" sem haldin var 13.–17. júní síðastliðinn.

Hátíðin þótti takast afbragðsvel og var þátttaka í öllum viðburðum framar vonum. Nefndin ákvað frá upphafi við vinnu að þessari hátíð að halda sveitahátíð í kringum 17. júní eins og verið hefur undanfarin ár (Uppsprettan) en með þó nokkuð breyttum áherslum þar sem

aðaláhersla yrði lögð á að virkja sem flesta innan sveitarinnar, bæði einstaklinga, fyrirtæki og félagsamtök. Einnig var markmiðið að eyða sem minnstum fjármunum í aðkeypt skemmtiatriði.

Við ætlum svo sannarlega að endurtaka leikinn að ári og vonum innilega að sveitungarnir verði jafn áhugasamir og virkir og þeir voru í sumar.

Þökkum alveg sérstaklega fyrir frábæra þátttöku í að skreyta sveitina í ákveðnum litum og viljum hvetja alla til að halda vel utan um skreyt-

ingar sem hægt er að endurnýta, því litirnir verða þeir sömu á næsta ári. Stefnt er að því að halda hátíðina dagana 12.–14. júní, 2020 en þá mun hátíðin verða einum degi styttri og ekki tengjast 17. júní.

Takið frá dagana 12.–14. júní 2020.

Hér á eftir fer samantekt um fjölda þeirra sem tóku þátt í ákveðnum viðburðum og þar á eftir listi yfir þá sem styrktu hátíðina eða komu að hátíðinni á einn eða annan hátt.

Hafið margfaldar þakkir fyrir,

öll sem eitt; gestir, þátttakendur, styrktaraðilar, gestgjafar og allir aðrir sem lögðu hönd á plóg til að gera þessa hátíð að því sem hún varð.

Menningar- og æskulýðsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Anna Kr. Ásmundsdóttir

Ástráður U. Sigurðsson

Hrönn Jónsdóttir

Elvar Már Svansson

Haraldur Í. Guðmundsson

Lára B. Jónsdóttir



Gunnbjarnarholt kynning og brenna: um 180 manns.

Kvennahlaup: 30 manns

Hádegisverður í Brautarholti: 230 manns

Gaman saman í Brautarholti: um 150 manns

Gönguferð að Búða: 35 manns & 1 hundur

Tónleikar Slow Train á Hestakránni: Um 60 manns

Morgunverður í Árnasi: 240 manns

Skógurinn upp í sveit: um 120 manns

Brokk og skokk: Um 50 manns

Handverk og hám: Fjöldi manns

Tónleikar í Árnasi/Bjartmar: 165 manns

17. júní í Brautarholti og hátíðarkaffi í boði sveitarfélagsins: 250 manns.

Styrktaraðilar, gjafir og verðlaun

Morgunverður

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

MS–Auðhumla

SS–Sláturfélag Suðurlands

SFG–Sölufélag garðyrkjumanna

Landstólpí

Nesey

Selásbyggingar

Strá ehf

Tré og straumur

Þrándarholt sf

South central

Verðlaun í ratleik

Arngrímslundur/Skarð

Fosshótel Hekla

Kjótvinnslan Laxárdal/Korngús

Rabarbía Löngumýri

Skinn og Skart, Ásaskóla

Híalín

Skeiða- og Neslaug

Verðlaun í „Brokk og skokk“

Verslunin Árborg

Aðkoma/þátttaka á einn eða annan hátt

Brenna og opið fjós

Gunnbjarnarholtsbúið

Skógardagur

Tré og straumur - kakó, kaffi og lummur

Opið á bæjum

Reykir, Skeiðum

Skaftholt, Gnúpverjahreppi

Aðrir aðilar sem lögðu einnig hönd á plóg

Ungmennafélag Skeiðamanna

Hestamannafélagið Smári

Ungmennafélag Gnúpverja

Kvenfélag Skeiðahrepps

Kvenfélag Gnúpverjahrepps

Skógrækt ríkisins

Minna-Hof – Gestur og Vala

Korngús

Hestakráin

Þjórsárstofa

Tré og straumur

Neslaug

Árneslaug

Stefán Þorleifsson

Matthías Bjarnason

Vilborg M. Ástráðsdóttir

Ari Einarsson

Bjarni Jónsson

Þorsteinn Hauksson

Eyþór Brynjólfsson

Jóhannes Sigurðsson

Harpa Dís Harðardóttir

Ólafur Oddsson

Hjálmar Kristinsson

Selma Kaldalóns

Magnea Gunnarsdóttir

Eyrún Huld Ingvarsdóttir

Guðfinna Ósk Magnúsdóttir

Bergljót Þorsteinsdóttir

Jóhanna Lilja Arnardóttir

Bergur Björnsson

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Hannes Einar Einarsson

Slow Train

Bjartmar Guðlaugsson

UMFÍ

Fóðurblandan

Lionsklúbburinn Dynkur

MASH



Kirkjuskóli og hversdagsmessur á meðal nýmæla í helgihaldinu

Kæru sveitungar.

Að afloknu góðu sumri fer kirkjustarfið senn af stað. Kirkjuskóli, hversdagsmessur og ættjarðarlagamessa eru á meðal nýjunga í helgihaldinu á komandi vetri. Boðið verður upp á kirkjuskóla fyrir yngsta aldurshópinn fjóra laugardaga í september og október klukkan 11. Kirkjuskólinn verður starfræktur í Hrepphóla kirkju og fyrsta samveran verður laugardaginn 21. september og síðan næstu þrjá laugardaga í framhaldinu. Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 20. október markar lok kirkjuskólans sem verður í umsjá Jónu Heiðdísar Guðmundsdóttur, djáknakandidats, og sóknarprests.

Hversdagsmessur á fimmtudagskvöldum

Þá verða hversdagsmessur haldnar í öllum kirkjum prestakallsins nokkur fimmtudagskvöld í vetur kl. 20 en í þeim er ætlunin að brjóta hefðbundið messuform upp og bjóða upp á þægilega umgjörð þar sem fléttast saman orð, bæn og fallegur söngur. Fyrsta hversdagsmessan verður í Stóra-Núpskirkju fimmtudagskvöldið 17. nóvember. Ættjarðarlagamessa mun einnig prýða dagskrá helgihaldsins í vetur ásamt dægurlagamessu og kvöldmessu með létttri tónlist.

Fermingarstörfin rúlla af stað

Fermingarstöfin hófust í ágústlok með fundi með foreldrum og væntanlegum fermingarbörnum og svo þátttöku þeirra í uppskerumessunni 31. ágúst sl. Fermingarfræðslutímarnir verða að venju á mánudögum í október og nóvember kl. 15-17 í safnaðarheimilinu í Hruna.

Takið frá pláss á ísskápnum!

Dagskrá helgihaldsins í kirkjunum okkar verður að venju dreift í öll hús í prestakallinu um miðjan september og er þess vænst að hún fái sitt fasta pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Viðburði og helstu fréttir úr kirkjustarfinu má finna á fésbókarsíðu prestakallsins, facebook.com/hrunaprestakall og á heimasíðunni hrui.is.

Með ósk um
gleðilega réttardaga og gott haust!
Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur

Réttarball

í Reiðhöllinni á Flúðum



Föstudaginn 13. september.
Stuðlabandið & Jón Jósep Snæbjörnsson

Húsið opnar kl. 23:00

Miðaverð: 3.500.- kr. Aldurstakmark: 18 ára

Finnst þér gaman að vinna með börnum?

Finnst þér gaman að vinna Úti?

Gleði,
vinsemd
og virðing

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 30% stöðu eða meira frá og með 25. nóvember 2019. Börnunum fjölga jafnt og þétt yfir skólaárið og er því möguleiki á herra starfshlutfalli, t.d. eftir áramót vantar í yfir 100% stöðu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli, þar vinna 14 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einnig erum við þátttakendur í vinnuverkefni Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elin Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðfndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2019.

Leikskólinn Leikholt er í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 20 mín akstur frá Selfossi.

Hefur þú gaman að krefjandi verkefnum?

Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki
og yndislegum börnum?